

Framsögn – upplestrarkeppni

Framsagnarþjálfun hefur farið stigvaxandi síðustu ár innan skólans. Þjálfunin hefst með markvissum hætti í 4. bekk þegar nemendur taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni. Keppnin er hugsuð sem undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk.

Markmið upplestrarkeppnanna er að vekja athygli og áhuga á vönduðum upplestri og framburði. Keppnin sjálf er ekki aðaláhersluatriðið og forðast skal að einblína á sigur. Mestu skiptir að kennarar nýti þetta tækifæri til að leggja markvissa rækt við einn þátt móðurmálsins með nemendum sínum, vandaðan upplestur og framburð og fái alla nemendur til að lesa upphátt, sjálfum sér og öðrum til ánægju.

Upplestrarkeppnin Laxnessinn fer fram í 6. bekk. Laxnesskeppnin er upplestrarkeppni meðal nemenda í 6. bekk þar sem lesið er upp úr verkum Nóbelskáldsins. Allir nemendur árgangsins æfa og þjálfra framsögn undir leiðsögn kennara sem lýkur með hátíðlegri upplestrarkeppni. Markmið keppinnar er að vanda upplestur og framburð.